

**3364. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
21. desember 2018 og hófst hann kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1801190 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018

443. mál til umsagnar - tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

417. mál til umsagnar - frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs.

Lagt fram.

5. 1801234 - Gamla Kaupfélagið - tækifærisleyfi 2018

Umsagnarbeiðni vegna lengri opunar 26.12.2018 og 01.01.2019 á Gamla Kaupfélaginu.

Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.

2. 1811205 - Uppsagnir hjá Norðurál

Ragnar Guðmundsson forstjóri Norðuráls tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar forstjóra Norðuráls fyrir komuna og þær upplýsingar sem veittar voru um rekstrarumhverfi fyrirtækisins.

Sævar Freyr Þráinsson vikur af fundi og tekur ekki þátt í umræðum um aðra dagskrárlíði.

3. 1806246 - Reiðskemmu - v/lands í eigu Þorgeirs og Helga/Smellinn/BM Vallá

Umræða um kaup á landi vegna byggingu reiðskemmu.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ganga til samninga við skiptastjóra þrotabús Smellinn hf. um kaup á landi í eigu lögaðilans sem úrskurðaður var gjaldþrota 3. september 2010. Um er að ræða 30.000 fermetra land en fyrirhugað er að reisa reiðskemmu Hestamannafélagsins Dreyra á svæðinu.

Málið komi á ný til formlegrar afgreiðslu bæjarráðs er samningsdrög liggja fyrir.

4. 1812110 - Bjarkarhlíð - beiðni um stuðning

Styrkbeiðni frá Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis.

Bæjarráð getur því miður ekki orðið við erindinu að þessu sinni en fjárhagsáætlun vegna ársins 2019 var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 11. desember síðastliðinn.

6. 1812129 - Suðurgata 124 - beiðni um að Akraneskaupstaður kaupi húsnæði

Akraneskaupstað stendur til boða að kaupa fasteignina Suðurgötu 124.

Bæjarráð felur bærarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

7. 1801200 - Fjárhagsáætlun 2018 - viðauki

Breyting á viðauka nr. 5.

Bæjarráð samþykkir breytingar á viðauka nr. 5 við fjárhagsáætlun

Akraneskaupstaðar og vísar viðaukanum til bærarstjórnar til samþykktar.

Bæjarráð óskar öllum Skagamönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.

Valgerður S. Jónsdóttir
Rannveig Óskarsdóttir
Elsa hára Arnardóttir
Svein frá Kráinnar